

Vatnsbúskapur og vistheimt

Berglind Orradóttir, vistfræðingur
Landbúnaðaháskóli Íslands
Hvanneyri
berglind@lbhi.is

Röskun á vatnsferlum landvistkerfa fylgir gjarnan breyting á næringarefnaframboði, orkuflæði og rofferlum. Áhrifin eru ekki aðeins staðbundin heldur geta vistferlar og lífsskilyrði neðar á vatnasviðinu raskast. Dæmi um slíkt eru t.d. breytingar á flutningi rof- og næringarefna, grunnvatnsstöðu og rennslissveiflum straumvatna. Breyttar rennslissveiflur í straumvötnum geta valdið farvegabreytingum og breyttri grunnvatnsstöðu sem hefur áhrif lífsskilyrði í vatninu og í nærliggjandi vistkerfum.

Við framkvæmdir er því mikilvægt að draga eins og kostur er úr áhrifum á vatnsferla. Það lágmarkar ekki aðeins áhrif á lífríkið heldur eykur einnig líkur á að vistheimt eftir framkvæmdir takist. Við staðsetningu framkvæmda þarf að taka tillit til vatnsferla í landinu, svo sem svæða sem eru mikilvæg vegna ísigs vatns í grunnvatn, nærsvæði straum- og stöðuvatna og votlendis. Mikilvægt er að nota efni sem eru óskaðleg lífríkinu og beita aðferðum sem draga úr líkum á að mengandi efni dreifist í vistkerfinu.

Árangur vistheimtar ræðst að verulegu leiti af því hvort tekst að endurvekja eða styrkja vatnferla á svæðinu, því án þess verður vistkerfið ekki sjálfbært til frambúðar. Til að það takist þarf ekki aðeins þekkingu á vatnsferlum vistkerfisins heldur einnig hvernig hægt er að endurvekja og stýra þeim. Leiðir til þess geta falist í að stilla grunnvatnsstöðu með uppfyllingum eða ræsagerð, byggja upp eiginleika jarðvegs til að taka við og miðla vatni með t.d. niðurplægingu lífrænna efna og koma upp gróðri sem eykur ísig vatns í jarðveg bæði sumar og vetur.